


Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Norðurhella 2  
220 Hafnarfjörður

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	11.09.2018
Málsnr:	1808180
Bréfal:	512

Reykjavík, 6. september 2018  
Tilvísun: 201807078/3.2

## Efni: Breyting á aðalskipulagi vegna almennra ákvæða um hafnarsvæði

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 28. ágúst 2018, sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Að fenginni tillögu skipulags- og byggingarráðs var samþykkt í bæjarstjórn 22. ágúst 2018 að auglýsa breytingartillöguna skv. 31. gr. skipulagslaga. Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 8. ágúst 2018 með uppdrætti í mkv. 1:15:000 og greinargerð.

Í breytingartillögunni felst að breyta almennum ákvæðum um hafnarsvæði í kafla 2.2.7 þar sem heimild til starfsemi fyrirtækja á hafnarsvæðinu er útvíkkuð þannig að þar verði heimilt að gera ráð fyrir „öðrum fyrirtækjum og stofnunum, sem tengjast höfn útgerð, hafrannsóknnum og öryggismálum sjófarenda“ umfram það sem þegar er skilgreint í gildandi aðalskipulagi.

### Málsmeðferð breytingartillögunnar

Skipulagsstofnun telur að annmarkar séu á málsmeðferð aðalskipulagsbreytingarinnar samanber eftirfarandi.

Skipulagsstofnun barst lýsing til umsagnar með erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 23. júlí 2018 sem stofnunin svaraði með umsögn dags. 14. ágúst 2018. Í gr. 4.2.4 í skipulagsreglugerð er kveðið á um að „skipulagsnefnd skuli hafa hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem henni berast við vinnslu tillögu að aðalskipulagi en ekki er skylt að svara þeim með formlegum hætti“. Á fundi skipulags- og byggingarráðs 14. ágúst sl. var samþykkt tillaga að aðalskipulagsbreytingunni, dags. 8. ágúst 2018, til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga. Af dagsetningu skipulagstillögunnar og tímasetningu fundar skipulags- og byggingarráðs er ljóst að umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu hefur ekki legið fyrir við umfjöllun ráðsins og því hefur við afgreiðslu málsins ekki verið tekin afstaða til þeirra ábendinga sem fram koma í umsögn stofnunarinnar. Það sama virðist eiga við um afgreiðslu bæjarstjórnar á breytingartillögunni.

Í gögnum skipulagstillögunnar vantar að gera grein fyrir hvernig kynningu og samráði hefur verið háttað á vinnslustigi skipulagstillögunnar þ.m.t. hvort leitað hafi verið umsagna þeirra aðila sem hlut geta átt að máli. Stofnunin bendir á að áður en tillaga að aðalskipulagi er til tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagstillagan var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga í Lögbirtingarblaðinu og á vef sveitarfélagsins þann 27. ágúst 2018 en ekki liggur fyrir hvort tillagan hefur verið auglýst í öðrum miðlum. Mikilvægt er að samráð og kynningar gagnvart almenningi sé með fullnægjandi hætti.

Stofnunin bendir á að sveitarstjórn ber að senda Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á aðalskipulagi til athugunar áður en tillaga er auglýst, eins og nánar er kveðið á um í 3. mgr. 30. gr.

skipulagslaga. Athugun Skipulagsstofnunar felur m.a. í sér athugun á efni og framsetningu skipulagstillögu og hvernig kynningu og samráði hefur verið háttað í vinnsluferlinu.

#### Athugun á efni og framsetningu

Í eftirfarandi eru settar fram athugasemdir Skipulagsstofnunar eins og um athugun skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga væri að ræða.

Í skipulagstillögunni þarf að gera grein fyrir tildrögum, helstu forsendum og umhverfisáhrifum breytingartillögunnar og þeim skipulagskostum sem komu til álita í útfærslunni, sbr. einnig það sem fram kemur í kafla 1.1 í lýsingu um efni fyrirhugaðrar skipulagsgerðar.

Í lýsingu sagði að í skipulagsferlinu verði tekið til skoðunar hvort breytingartillagan eigi að fela í sér breytingu á almennum ákvæðum sem taka til alls hafnarsvæðisins eða aðeins að taka til hafnarsvæðis H1. Vegna eðlis þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er á lóðinni nr. 5 við Fornubúð hvatti Skipulagsstofnun í umsögn sinni til þess að skipulagsbreytingin væri aðeins láta taka til framgreindrar lóðar. Í tillögunni þarf að gera grein fyrir forsendum þess að ákveðið er að láta breytinguna taka til alls hafnarsvæðisins.

Í skipulagstillögunni þarf jafnframt að gera grein fyrir hvernig kynningu og samráði var háttað við almenning og umsagnaraðila í vinnsluferlinu. Gera þarf grein fyrir umsögnum umsagnaraðila sem leitað var til og hvernig brugðist hefur verið við þeim, sbr. lista yfir umsagnaraðila í kafla 5.2.

Á kortblaði aðalskipulagstillögunnar er ranglega vísað til málsmeðferðar skv. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga í stað þess að vísa til 1. mgr. 36. gr. laganna. Stofnunin bendir jafnframt á að ekki á við að taka fram í auglýsingu að þeir sem ekki geri athugasemd við skipulagstillögu séu henni samþykkir.

#### Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur annmarka skipulagstillögunnar þess eðlis að endurskoða þurfi skipulagsgögn og auglýsa með nýjum athugasemdafresti. Huga þarf að hvort breytingar á skipulagsgögnum leiði til þess að taka þurfi breytingartillöguna að nýju til samþykktar í skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn.

#### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Í auglýsingu sem barst með erindinu kemur fram að samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar fyrir lóðina Fornubúðir 5. Til að fá frekari upplýsingar um skipulagsáformin sótti Skipulagsstofnun deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarkaupstaðar. Stofnunin hefur yfirfarið auglýsta tillögu og bendir á eftirfarandi atriði sem stofnunin telur að lagfæra þurfi eða skýra nánar.

Gera þarf grein fyrir að deiliskipulagsbreytingin byggi á breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða. Þá þarf að gera grein fyrir gildandi skipulagsskilmálum í kafla 6.4.1 fyrir Fornubúðir 5, sbr. breytingu sem samþykkt var 23. apríl 2002. Jafnframt þarf að koma fram að með breytingartillögunni sé gerð breyting á þessum kafla greinargerðarinnar. Hafa þarf í huga að þar sem notkun er breytt og byggingarmagn aukið verulega þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifunum af breytingunni sbr. gr. 5.8.5.2 í skipulagsreglugerð. Í þessu tilviki er t.d. eðlilegt að sýna sniðmyndir af nýjum skilmálum og aðrar skýringarmyndir sem sýna afstöðu mannvirkja til umhverfisins. Varðandi bílakjallara er jafnframt æskilegt að leitað verði umsagnar Siglingasviðs Vegagerðarinnar um lágmarkskvóta og frágang. Þá er bent á að deiliskipulaguppdráttinn vantar byggingarreit við Óseyrarbryggju.

  
Hafdis Hafnisdóttir

  
Málfríður K. Kristiansen